



**Textílmenntkennsla í sögulegu og félagslegu
samhengi
Útsaumur**

Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs
Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Textílmenntkennsla í sögulegu og félagslegu samhengi

Útsumur

Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs í Grunnskólakennarafræði

Leiðsögukennari: Arngunnur Sigurþórsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júni 2012

Textílmenntkennsla í sögulegu og félagslegu samhengi, Útsaumur.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala nemenda

Reykjavík, Ísland 2012

Ágrip

Textíl er ríkur þáttur í menningu okkar og hefur verið öldum saman fyrir því eru ábreifanlegar heimildir. Mikilvægt er því að kennda í textílmennnt fari fram í sögulegu og félagslegu samhengi til að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á því menningarlega samhengi sem handverkið er sprottið úr. Greinargerðin fjallar um textílmennntakennslu í sögulegu og félagslegu samhengi með megináherslu á að skoða útsaum í því samhengi. Rakin er hugmyndafræðilegur bakrunnur og þróun handverkskennslu og upphafið af því að farið var að kenna textílmennnt í grunnskólum á Íslandi. Greinargerðinni fylgir kennsluverkefni þar sem sýnt er fram á hvernig hægt er auka áhuga nemenda á Íslenskri textílarfleið í gegnum verkefni.

Efnisyfirlit

Bls.

Ágrip	3
Efnisyfirlit.....	4
Myndaskrá	5
1 Inngangur	6
2 Textílmenntkennsla	7
2,1 Hugmyndafræðilegur bakgrunnur og Þróun hugmynda um handverkskennslu.....	7
2,2 Upphaf textílmennt kennslu á Íslandi	9
2,2,1 Guðmundur Finnbogason	10
2,2,2 Jón Þórarinsson	10
2,2,3 Halldóra Bjarnadóttir	10
2,3 Textílmenntkennsla á Íslandi.....	12
2,4 Mikilvægi þess að kenna textílmennt í félagslegu og sögulegu samhengi	14
3 Íslenskur útsaumur	15
3,1 Gömul íslensk munsturgerð fyrir útsaum	15
3,2 Efni og útsaumsgerðir	16
3,2,1 Refilsaumur	16
3,2,2 Glitsaumur.....	17
3,2,3 Skakkaglit	17
3,2,4 Gamli krosssaumurinn	18
3,2,5 Augnsaumur	19
3,2,6 Blómstursaumur.....	20
3,3 Breytingar á útsaumsgerðum	20
3,4 Helstu útsaumsgerðir sem kenndar eru í grunnskólum í dag.....	21
4 Útsaumur sem skreyti.....	22
4,1 Útsaumur í fatnað og nytjahluti.....	22
4,2 Íslenski kvenbúningurinn	23
5 Dýrgripir íslenskrar textílsögu	25
5, 1 Varðveisla merkra textílverka.....	25
5,2 Merkar íslenskar hannyrðakonur.....	26
6 Samantekt	29
Heimildir	30

Myndaskrá

	Bls.
Mynd 1 skýringar mynd af refilsaumi	17
Mynd 2 Refilsaumað textílverk.....	17
Mynd 3 Skýringarmynd af glitsaumi	17
Mynd 4 Textílverk útsaumuð með glitsaum	17
Mynd 5 Skýringarmynd af skakkaglit	18
Mynd 6 Textílverk útsaumað með skakkaglit	18
Mynd 7 Skýringarmynd af Gamlakrossaumnum	19
Mynd 8 Textílverk útsaumað með Gamlakrossaumnum	19
Mynd 9 Skýringarmynd af Augnsaumi.....	19
Mynd 10 Textílverk útsaumað með Augnsaumi.....	19
Mynd 11 Skýringarmynd af blómstursaumi	20
Mynd 12 Skýringarmynd af blómstursaumi	20
Mynd 13 Textílverk útsaumað með Blómstursaumi	20

1 Inngangur

Textíll er mikilvægur þáttur í íslenski menningu. Handverkið sem áður var órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar á sér djúpar rætur í menningu þjóðarinnar „heimilisiðnaðinum“. Við handverkið er unnið út frá gamalli arfleið á þekkingu á efnum og aðferðum. Þekkingararfi þessum ber að koma áfram til komandi kynslóða í takt við tíðarandann hverju sinni (Aðalnámskrá, 2007).

Markmiðið með lokaverkefni þessu er að benda á mikilvægi textílarfleiðar okkar og finna hentuga leið til að glæða áhuga grunnskólanema á gamalli íslenski textílarfleið og handverki. Gert verður kennsluverkefni samhliða greinargerðinni þar sem settar verða fram nokkrar hugmyndir/verkefni til að sýna fram á hvernig hægt er að nýta textílarfleið okkar, munsturgerðina og útsauminn við gerð verkefna er höfð til grunnskólanema í dag og setja þannig hið sögulega í samhengi við nútímafatagerð.

Rannsóknarspurningin er: **Af hverju er mikilvægt að kenna nemendum í grunnskólum textílmennt í sögulegu og félagslegu samhengi ?** Lögð verður megináhersla að skoða útsaum í því ljósi.

Greinargerðin skiptist í nokkra kafla og undirkafla. Í inngangi er greint frá markmiðum og tilgangi ásamt megin innihaldi greinargerðarinnar.

Annar kafli fjallar um hvernig hugmyndafræðilegur bakgrunnur handverkskennslu hefur þróast. Helstu ástæður þess að farið var að kenna handverk í grunnskólum hér á landi og hverjir voru helstu frumkvöðlar af því. Þar er textílmenntakennslu hér á landi gerð skil, hvenær hún varð lögboðin og hvernig henni hefur verið gerð skil í útgefnum Aðalnámskrám fyrir grunnskólana. Einnig er fjallað um mikilvægi þess að kenna textílmennt í félagslegu og sögulegu samhengi.

Í þriðja kafla er íslenskum útsaumi gerð skil, fjallað er um gamlar munsturgerðir fyrir útsaum. Gömlum íslenskum útsaumsgerðum lýst í máli og myndum. Fjallað er um þær breytingar er orðið hafa á útsaumi og hverjir eru helstu áhrifavaldar. Einnig er í kaflanum sagt frá helstu útsaumstegundum sem kenndar eru í grunnskólanum í dag.

Fjórði kafli fjallar um útsaum sem skreyti, þá aðallega í fatnaði og nytjahlutum einnig er í þeim kafla fjallað um forsögu og þróun íslenska kvenbúningsins.

Fimmti kafli fjallar um merk textílverk íslenskrar textílsögu, hvar þessi verk eru helst varðveitt og sagt frá nokkrum merkjum hannyrðakonum sögunnar.

Sjötti kafli inniheldur samantekt þar sem dregið er saman það helsta er kemur fram í greinargerðinni og lagt mat á það.

2 Textílmenntkennsla

2,1 Hugmyndafræðilegur bakgrunnur og Þróun hugmynda um handverkskennslu

Langt aftur í aldir hafa menn haft hinar ýmsu skoðanir á því hvernig skuli komið að uppeldi barna, menntun og menningu. Á miðöldum var lögð ofuráhersla á hin bóklegu fög en jafnvel á þessum tíma voru menn farnir að velta fyrir sér mikilvægi verklegrar þjálfunar sem hluta af hinu almenna námi. Þannig væri hægt að ná fram jafnvægi milli hins andlega og líkamlega, mætti það verða til að gera einstaklinginn betur undirbúinn fyrir lífið. Síðustu aldir hafa helstu uppeldisfræðingar og kennismiðir lagt áherslu á það í kennslufræðum sínum að kenna beri einhverja handmennt þó þeir hafi vissulega haft ólíkar hugmyndir um nálgun að markmiðinu (Jón Þórarinsson, 1891).

Amos Comenius (1592–1671) sem gjarnan var kallaður faðir nútímakennslufræði kom með hugmynd af yfirgripsmikilli námskrá sem innihélt bæði verkþjálfun og frelsi í listum við kennslu (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009). Taldi hann að nemendur þyrftu að læra handverk til að kynnast því er lífið hefði upp á að bjóða til að finna sjálfan sig (Jón Þórarinsson, 1891).

Með skrifunum í bók sína *Essay on the Human understanding* og *Some thoughts Concerning Education* er heimspekingurinn og uppeldisfræðingurinn John Locke (1632-1704) talsmaður þess að menntunin skuli undirbúa einstaklinginn fyrir hið hagnýta í lífinu. Leggur hann áherslu á að líkamleg hreyfing sé mikilvægur hluti af náminu og talar fyrir því að handverk sé hollt fyrir líkama og sál (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009).

Í hinu heimsfræga riti *Emil* sem Heimspekingurinn Rousseau (1712-1778) skrifaði er fjallað um æviskeiði Emils frá fæðingu og fram á fullorðins ár. Lýsir hann hvaða umhverfi og kennsla henti best til uppeldis fyrir fyrirmyndar einstakling, átti hann að búa í sveit og læra í gegnum náttúruna og handverkið. Rousseau gerði sér grein fyrir mikilvægi þess að læra að leita lausna í gegnum það sem við gerum með

hinu hefðbundna utanbókarnámi, lét hann Emil læra trésmíði þar sem það kennir mönnum að hugsa um það sem þeir vinna að og með. Taldi hann leyndardóm uppeldisins þann, að vera meðvitaður um að sál og líkami séu samtvinnuð (Rousseau,1974:147-148; Jón Þórarinsson, 1891).

Í byrjun 18. aldar var farið að kenna handavinnu í þýskalandi við skóla er August Hermann Franke (1663-1727) stjórnaði. Nemendum var kennt að gera hluti er nýttust þeim sjálfum. Tilgangurinn með kennslunni var ekki uppeldisfræðilegur heldur sá að börnin lærðu svokallaðan heimilisiðnað, þannig gætu börnin að einhverju leyti unnið fyrir sér samhliða skólagöngunni (Jón Þórarinsson, 1891).

Talið er að Comenius og Franke hafi báðir haft áhrif á þýska skólamaninn Basedow (1723-1790). Uppeldisfræðilegar hugmyndir hans komu fram í námskrá hans þar sem handverksmenntun hafði mikið vægi. Var hann ötull talsmaður þess að nauðsynlegt væri að ná fram jafnvægi milli hins andlega og líkamlega í uppeldinu, að blanda skildi saman hinu bóklega og verklega í náminu (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009; Jón Þórarinsson, 1891).

Pestalozzi (1746-1827) er jafnan þekktur sem upphafsmaður uppeldisstefnu í handverki og verklegri þjálfun, talar hann um verklegt stafróskver ABC des Könnes (Jón Þórarinsson, 1891). Þróaði hann hugmyndir sínar út frá hugmyndafræði Rousseau úr ritinu *Emil*. Var það Pestolozzis ætlun að bæta líf fátækra nemenda í gegnum verknám, en jafnframt benti hann á mikilvægi þess að rækta hugann og félagslega réttisýni. Taldi hann að einstaklingar er stunduðu of einhæft nám væru lítils virði fyrir samfélagið (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009).

Ekki kenndi Pestalozzi sjálfur eftir hugmyndum sínum heldur var það Fröbel (1781-1852) sem fann hentugt form fyrir hugmyndir hans í smábarnaskólum sínum. Þar var hin verklega vinna í samvinnu við hugann og börnunum fengin verkefni er æfðu hugann. Hugurinn og líkaminn eru í stöðugri samvinnu og þannig lærir barnið. Ekki hafði Fröbel hugsað sér að handavinnukennslunni skildi haldið áfram í barnaskólum (Jón Þórarinsson, 1891).

Er það svo finnski skólamaðurinn Dr. Uno Cygnæus (1810-1888) sem var helsti hvatamaður af stofnun almennings skólanna í Finnlandi sem heldur áfram með hugmyndir Fröbels. Kemur hann með uppeldisfræðileg rök fyrir því að handverk sé gert

að skyldunámi í skólum í Finnlandi, varð það til þess að skapa nýja og betri skóla þar í landi (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2009). Þaðan er sljöd upprunið og breiddist út á seinnihluta 19.aldar fyrst, til Svíþjóðar þar sem skólinn í Nasa varð miðpunktur slödsins og svo víðsvegar um Norðurálfuna (Jón Þórarinsson, 1891).

2,2 Upphaf textílmenntkennslu á Íslandi

Iðnmenntun komst á í mörgum löndum á 19. öldinni, tengdist það upphafi af alþýðumenntun og hinni vestrænu iðnvæðingu. Var það hin breytta samfélagsgerð þessa tíma er kallaði á nýjar framleiðsluaðferðir og framleiðslufurðir, þar með skapaðist þörfin fyrir að koma þekkingunni til alþýðunnar hinnar vinnandi stéttar. Einnig ræddu menntafrömuðir þessa tíma um mikilvægi þess að kenna handmennt í alþýðumenntun.

Kennsla í textílmennt hér á landi í grunnskólum á sér rætur að rekja til norðurlandanna þaðan sem sljöd stefnan kom fram á sjónasviðið í lok 19.aldar. Upprunaleg merking „sljöd“ er „lagtækur“ eða „hagur“ vísar það til handverks. Menntunarlega vísar hugtakið til umræðu uppeldisfræðinga þessa tímabils um gildi handverks fyrir menntun barna (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011). Tilgangurinn með sljöd var að handverkið hefði líkamlegt og andlegt uppeldisgildi fyrir nemandann og nýttist honum til að undirbúa hann fyrir lífið í formi náms er æfði bæði hug og hönd (Jón Þórarinsson, 1891).

Finninn Uno Cygnæus (1818-1888) og Svíinn Otto Salomon voru helstu frumkvöðlar af því að koma með kennsluaðferðir er miðuðust kerfisbundið að því að kenna handverk eftir uppeldismiðuðum aðferðum er síðar urðu lögbundnar í alþýðumenntun bæði í Svíþjóð og Finnlandi. Breiddust kennsluaðferðirnar svo út um allan heim og urðu þess valdandi að hafin var handavinnukennsla á Íslandi (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011). Helstu talsmenn þess að farið væri að kenna handverk í skólum hér á landi um aldamótin 1900 voru Guðmundur Finnbogason, Jón Þórarinsson og Halldóra Bjarnadóttir.

2,2,1 Guðmundur Finnbogason

Menntafrömuðinn Guðmundur Finnbogason fékk tveggja ára styrk frá Alþingi til að kynna sér alþýðumenntun erlendis, ferðaðist hann um norðurlöndin á árunum 1901-1902 í því skyni. Markmiðið var að koma með tillögur um hvernig slíkri menntun skildi hagað á Íslandi (Gunnar M. Magnússon, 1939:110-111). Í kjölfarið skrifaði hann bókina *Lýðmenntun á Íslandi* þar sem hann setur fram tillögur sýnar af því hvernig alþýðumenntunin skyldi fara fram og hvaða greinar sé mikilvægt að kenna og er handavinna ein af þeim greinum (Guðmundur Finnbogason, 1994: 105).

2,2,2 Jón Þórarinsson

Jón Þórarinsson skólastjóri og alþingismaður var ötull talsmaður þess að innleiða handavinnukennslu inn í íslenskt skólakerfi. Ferðaðist hann um á norðurlöndunum til að kynna sér menntamál. Þar hreifst hann af „sljöd“ kaus hann að kalla það skólaiðnað, notaði hann það hugtak til aðgreiningar frá heimilisiðnaði og til að undirstrika hið uppeldislega gildi sljödsins.

Kynnti hann hugmyndafræðina fyrir kennarastétt landsins árið 1890 er hann hélt fyrirlestur í hinu íslenska kennarafélagi, þar mælti hann fyrir því að sú stefna yrði tekin upp í skólum hér á landi (Jón Þórarinsson, 1891). Á árunum 1886-1900 starfaði Jón sem alþingismaður, þar reyndi hann að sannfæra stjórnvöld um mikilvægi handmenntunar sem hluta af alþýðumenntun (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011).

2,2,3 Halldóra Bjarnadóttir

Halldóra Bjarnadóttir kennari og skólastjóri var einn harðasti talsmaður þess að handavinna skildi gerð að skyldugrein í barnaskólum á Íslandi, taldi hún mikilvægt að sem flestir lærðu greinina. Lagði hún áherslu á mikilvægi heimilisiðnaðarins, menntun og samstöðu kvenna.

Halldóra sótti kennaramenntun sína í Osló á árunum 1896-1899. Árin 1901 til 1908 starfaði hún sem barnaskólakennari í Noregi, þar kynntist hún m.a. mikilvægi þess að kenna handavinnu. Voru norðmenn búnir að gera handavinnu í barnaskólunum að

námsgrein og var það hennar skilningur að tilgangurinn væri að vernda handmennta arfinn frá forfeðrunum í kjölfar mikilla breytinga vegna iðnbyltingarinnar. Áætlaði hún að slík hið sama myndi gerast á Íslandi og því mikilvægt að huga vel að hinum íslenska handmennta arfi (Vilhj. S. Vilhjálmsson, 1960: 73,141-142).

Halldóra var ötul að koma markmiðum sínum um handavinnukennslu í skólum og mikilvægi heimilisiðnaðarins á framfæri. Benti hún á það í erindi er hún flutti fyrir kennara árið 1911 hve mikilvægt væri að gera handavinnu að skyldugrein í skólum. Að heimilisiðnaðurinn stæði höllum fæti og að besti vettvangurinn til að standa vörð um hann væri í samvinnu við heimili og skóla. Þar fengju börnin hvatningu í gegnum handverkið lærðu að verða iðin og sjálfstæð, þannig yrðu þau fær um að leggja til heimilisins (Halldóra Bjarnadóttir, 1912). Árið 1919 réttlætir Halldóra greinina handavinnu í ritinu *Hlín* með þeim rökum að hún æfi bæði hug og hönd, þroski smekk, fegurðartilfinningu og veki nemandann til eftirtektar og umhugsunar á verklegum störfum. Námið verði ekki eins einhliða því bæði eru um bóklega og verklega kennslu að ræða og námið höfði því til fleiri nemenda (Halldóra Bjarnadóttir, 1919). Árið 1926 skrifar hún í ritið *Hlín* um mikilvægi handavinnu og að nauðsynlegt sé að hver deild innan skólans hafi fastmótaða áætlun í kennslunni til að fara eftir, annars yrði kennslan ómarkviss (Halldóra Bjarnadóttir, 1926).

Voru fræðslumálastjóra sendar tillögur og rökstuðningur um mikilvægi þess að handavinna yrði tekin upp sem námsgrein í barnaskólum landsins og að skólarnir hefðu samræmda áætlun til að fara eftir við handavinnukennsluna (Halldóra Bjarnadóttir, 1929). Þar er tillögur hennar og skrif höfðu ekki tilætluð áhrif sendi hún kennarasambandi Íslands greinargerð þar sem hún bað um stuðning við tillögur sínar er hún hafði sent fræðslumálastjóra. Benti hún jafnframt á kerfi sem hún hafði þróað á s.l. 20 árum og hefði reynst vel. Mætti byggja handavinnukennsluna á þessu kerfi ásamt því að nauðsynlegt sé að taka upp samræmda námskrá (Halldóra Bjarnadóttir, 1931; Arngunnur Sigurpórsdóttir, 2011).

Halldóra lagði jafnframt áherslu á nauðsyn þess að kennarar gætu menntað sig í greininni handavinnu á Íslandi, væri það nauðsynlegt ætti að halda vörð um íslenskt handverk (Halldóra Bjarnadóttir, 1928). Stóð hún fyrir námskeiðum í handavinnu víðsvegar um landið og hélt fjölda sýninga á handverki bæði innanlands og erlendis í

gengum árin til að halda á lofti mikilvægi handavinnu og íslensks handverks (Vilhj. S. Vilhjálmsson, 1960: 171).

2,3 Textílmenntkennsla á Íslandi

Handavinnukennsla eða textílmennt eins og greinin kallast í dag, var fyrst kennd í Barnaskóla Reykjavíkur árið 1901 (Guðrún Sigurðardóttir, 1983). Var svo farið að kenna greinina í Barnaskóla Akureyrar árið 1908 er Halldóra Bjarndóttir tekur við sem skólastjóri (Halldóra Bjarnadóttir, 1919). Breiddist námsgreinin hægt út á komandi árum, hefur það ráðist bæði af áhuga skólamanna á hverjum og einum stað og hvort kennarar fengust til starfsins. Einnig hefur kostnaður fyrir bæði skólana og heimilin hindraði útbreiðslu greinarinnar sem og aðstöðuleysi í skólum landsins.

Kennsla í greininni handavinnu var nánast alltaf kynjaskipt drengir lærðu smíði og stúlkur hannyrðir (Ólafur Rastrick, 2008:200-201). Þó var á því undantekning í Barnaskólanum á Akureyri á þeim tíma er Halldóra Bjarnadóttir var skólastjóri þá lærðu drengir líka undirstöðu atriði í að þrjúna og sauma í 1.bekk (Halldóra Bjarnadóttir, 1919). Framan af hafði handavinnukennslan að mestu hagnýtan tilgang stúlkunum var ætlað að læra að búa til fatnað og nytjahluti. Nemendur þurftu sjálfir að bera kostnaðinn við efniskaup, hefur því þurft að réttlæta hann. Við það að handavinnan varð að skyldugrein breyttist það og skólarnir báru kostnaðinn við skyldustykin. Verkefnin héldust þó eins að miklu leyti fram á 7.áratuginn (Guðrún Sigurðardóttir, 1983).

Var það svo ekki fyrr en árið 1936 að handavinnan var gerð að skyldugrein í barnaskólum með lögum um fræðslu barna. Er þar tilgreint að þau skildu hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju engin nánari útskýring er á hvernig það skuli útfært (Lög um fræðslu barna nr.94/1936).

Árið 1948 gaf fræðslumálastjórn út drög að námsskrám fyrir barna og gagnfræðaskóla, var handavinnunni kynjaskipt í handavinnu stúlkna og skólasmíði drengja. Var nokkuð ýtarleg lýsing um það hvers var krafist af stúlkunum. Verkefnin sem þær skildu inna af hendi voru fatnaður eða nytjahlutir er höfðu hagnýtt gildi á þessum tíma. Helstu markmiðin voru að veita alhliða þroska, færni í að sauma einhliða

fatnað, kennsla á og umhirða saumavélar og að kenna aðferðir við hannyrðir (Fræðslumála stjórnin, 1948). Talað er um listræna sköpun og fagurfræði en ekkert um hið sögulega og félagslega samhengi í drögunum.

Með námsskránni sem gefin var út árið 1960 voru helstu markmiðin að æfa hug og hönd svo nemendur lærðu að bera virðingu fyrir líkamlegri vinnu. Þeir læri að meta handverk út frá fagurfræði, vandvirkni og kunni skil á þeim textílefnum er nemendurnir vinna með, verkefni miðast enn við að þau séu hagnýt (Menntamálaráðuneytið, 1960).

Námsskráin árið 1977 markaði ákveðin tímamót í handavinnukennslu á Íslandi þar sem greinarnar voru ekki lengur kynbundnar, stúlkur og drengir höfðu nú í fyrsta sinn jafnan rétt til náms í báðum greinunum sem nú voru kallaðar hannyrðir og smíði. Mynd- og handmenntir urðu að samþættri námsgrein sem fól í sér hannyrðir, smíði og teiknun. Rökin fyrir samþættingunni voru að greinarnar væru mjög skyldar, hafi sömu heildarmarkmið og styðji hver aðra. Sérstök áhersla er lögð á skörun mynd- og handmenntar við aðrar greinar. Námsskráin var mjög ýtarleg og vel útlistuð með þáttum er ekki höfðu verið gerð mikil skil áður eins og þjónustu við nemendur með sérþarfir, námsáætlanir, námsmati og kennsluáferðum (Menntamálaráðuneytið, 1977). Athygli vekur að nú er meira farið að tala um sköpunarþáttinn, skapandi tilraunastarf og meira frjálsræði í verkefnavali, gildismati og að vekja skuli áhuga og auka þekkingu á verkmenningu, listum og öðrum menningarverðmætum.

Inntak Aðalnámsskráarinnar er kom út árið 1989 breytist ekki mikið frá árinu 1977. Megin markmiðin eru þau sömu, lögð er áhersla á að nemendur fái fræðslu um gildi og sögu íslenskra verkmennta og að með hannyrðanáminu sé reynt að viðhalda algengum vinnubrögð er haldist hafa með þjóðinni. Er þar í fyrsta skipti talað um að kynna skuli „íslenskar útsaumsgerðir“ fyrir nemendum (Menntamálaráðuneytið, 1989).

Með Aðalnámsskránni árið 1999 breytist nafnið á greininni úr heitinu hannyrðir í textílmennt. Eru í námsskránni ítarleg þreppmarkmið fyrir 1 til 10. bekk þar sem útlistað er hvað nemendur skuli læra í hverjum bekk fyrir sig. Talað er um kennslu í útsaumi í þreppamarkmiðunum fyrir 1 til 4. bekk og í 9. bekk sem er valáfangi. Einnig er talað um mikilvægi útsaums í inngangi námsskráarinnar (Aðalnámsskrá, 1999). Helstu markmið þeirrar námsskrár sem er í gildi í dag og er frá árinu 2007 skiptast í þrjá

aðalflokka, lögmál og aðferðir, sögulegt og félagslegt samhengi og fagurfræði og rýni. Prepamarkmiðin fyrir þekkingu hafa verið tekin út í þessari námsskrá en talað er um útsaum í inngangi hennar (Aðalnámsskrá, 2007).

2,4 Mikilvægi þess að kenna textílmennt í félagslegu og sögulegu samhengi

Námsskrárfræðingar eru ekki í öllu sammála um hina eiginlegu skilgreiningu á hvað námsskrá sé. Almennt er þó talað um að hún sé það menningarlega tæki sem notað er til að velja hið mikilvæga úr menningararfinum og koma beri áfram til næstu kynslóðar. Námskráin endurspeglar ríkjandi hugmyndafræði og þá framtíðarsýn sem er við líði í samfélaginu á hverjum tíma og leiðir af sér að breytingar á samfélaginu kalla á breytta námsskrá (Guðrún Geirsdóttir, 1989).

Bandaríski heimspekingurinn og menntafrömuðurinn John Dewey talar um það í bók sinni *Reynsla og menntun* að nauðsynlegt sé fyrir nemandann að skilja og þekkja fortíð sína til að geta nýtt sér hana í framtíð sinni (John Dewey, 2000: 32-33). Textílmennt er óaðskiljanlegur þáttur af íslenskri menningu. Handverkið er áður var órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar á sér djúpar rætur í menningu okkar „heimilisiðnaðinum“. Byggist það á gamalli arfleið á þekkingu, aðferðum og efnum, handverkið þjónar enn mikilvægu hlutverki sem vaxandi atvinnuvegur í hönnun og handverki og er orðin hluti af þeirri ímynd er einkennir íslenska menningu.

Íslenskur útsaumur, þrjón, tóvinna og vefnaður eru meðal helstu gersema listasögu landsins, þessa arfleið þarf þjóðin að þekkja og kunna að meta sem hinn mikilvæga þátt í sjálfsmynd þjóðarinnar. Koma þarf menningararfinum áfram þannig að einstaklingurinn geti nýtt sér arfleið sína á sem bestan hátt og tekið með sér inn í framtíðina. Kennsla í textílmennt þarf því að fara fram í sögulegu og félagslegu samhengi til að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á því menningarlega samhengi sem handverkið er sprottið úr (Aðalnámsskrá, 2007).

3 Íslenskur útsaumur

3,1 Gömul íslensk munsturgerð fyrir útsaum

Að öllum líkindum hefur útsaumur verið stundaður frá upphafi byggðar, elstu varðveittu textílverk er fundist hafa eru frá seinni hluta 14.aldar og eru flest öll varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands. Íslensku útsaumsmunstrin einkennast af hringleitum og marghyrndum reitum er skipta fletinum sem er umleikinn myndum af dýrum, blómum, af fólki m.a. úr biblíunni og frá ævi helgra manna. Rekja má þessa skiptingu á reitunum til útofinna býsanskra silkidúka. Munsturgerð þessi var mjög útbreidd í Norður- Evrópu á miðöldum (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003: 8-9).

Mótaðist munsturgerðin á sérstakan hátt á Íslandi og var hér ríkjandi fram á 19.öld. athyglivert er að sköpuð skildu vera svo áhrifamikil verk með svo grófgerðum aðferðum og efnum. Mikil samlíking er með útsaumsverkunum frá miðöldum við lýsingar í handritum frá sama tíma og hafa þau því að öllum líkindum verið höfð til fyrirmyndar við gerð útsaumsmunstra (Elsa E. Guðjónsson, 1976: 1-2).

Má finna þessa samlíkingu í *íslensku Teiknibókinni í Árnasafni* þegar teikningar þar eru skoðaðar og bornar saman við munstur á textílverkum sem varðveitt eru á Þjóðminjasafni Íslands. *Teiknibókin* er forn skinnbók, talið er að hún hafi verið teiknuð á 15.öldinni og hefur hún að geyma listrænar teikningar af helgimyndum sem tvinnnaðar eru saman við myndir úr daglegu lífi fólks á miðöldum (Björn TH. Björnsson, 1954).

Sjónabækur og sjónablöð eru fágætar merkar teiknaðar bækur með uppdráttum ætlaðar til fyrirmyndar við hannyrðir s.s. útsaum, vefnað og prjón. Handritin frá 17.öld og fram á fyrri hluta 19.aldar og eru að mestu teiknuð með svörtu bleki, þó hafa varðveist tvær bækur sem eru að stórum hluta með marglitum uppdráttum. Bækurnar innihalda blóma- og dýramunstur, geómetrísk flatarmunstur ásamt munstrum af bekkjum og bókstöfum (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:10).

Útskorin trémót, uppdrættir eða saumaspjöld eru varðveitt í Þjóðminjasafninu og talin vera frá 18.öld. Tréstimplar þessir voru notaðir til að færa munstur yfir á klæðnað sem svo var skreyttur með útsaumi eftir þessum munstrum (Kristín Schmidhauser Jónsdóttir, 1994:88).


Sjónabækurnar og blöðin frá 17, 18 og 19.öld voru endurútgefin í einni bók árið 2009 með það að markmiði að munstrin yrðu aðgengileg til notkunar við hönnun, handverk og kennslu. Er bókinni ætlað að nýtast sem brunnur hugmynda með vísun í íslenskan menningararf (Heimilisiðnaðarfélag Íslands, e.d.).

3,2 Efni og útsaumsgerðir

Gamli útsaumurinn er að langmestu unninn með íslensku ullarbandi litað með jurta- og sauðarlitum. Saumað var út í heimaofin ullarefni og innflutt hörléref, lítið var um að notað væri dýrt innflutt efni svo sem silki og flauel. Notast var við margar tegundir af útsaumsgerðum en þær er telja má einkennandi fyrir íslenskan útsaum eru refilsaumur, glitsaumur, skakkaglit, gamli krosssaumurinn, augnsaumur og blómstursaumur. Aðrar tegundir sem einnig voru notaðar eru sprang, varpleggur, steypilykkja, pellsaumur, holbeinsaumur, skatting og baldering (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:13).

3,2,1 Refilsaumur

Refilsaumurinn er merkasta íslenska saumgerðin, útsaumur eftir frjálsum áteiknuðum munstrum og þekktast af altarisklæðum frá miðöldum (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:14). Samkvæmt bókinni *Íslensk orðabók* þýðir orðið refill sögulegar hannyrðir lárétt veggjald langt og mjótt með útsaumuðum myndum. Orðinu refilsaumur er þannig líst að það sé lagður saumur, unninn í tveimur áföngum, fyrst einhliða flatsaumur, síðan saumaðir þræðir þvert yfir hann með nokkru millibili og hver þeirra festur niður jafnóðum með smáum sporum (Íslensk orðabók, 2002). Reflarnir voru notaðir til að skreyta að innan hýbýli fólks og kirkjur landsins á miðöldum (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1985:14).



Mynd 1 Skýringar mynd af refilsaumi


(Elsa E. Guðjónsson, 2003:16).

Mynd 2 Refilsaumað textílverk

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:16).

3,2,2 Glitsaumur

Glitsaumur var mikið notaður í rúmtjöld eða svokallaða rekkjureflar á 17. og 18. öld tjöldin voru unnin með marglitu ullarbandi í hvítt hörlérefi sem einkenndi mjög íslenskar hannyrðir þessa tíma (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:20). Glitsaumi er list þannig í orðabókinni *íslensk orðabók* að það sé ídreginn útsaumur í einskeft grunnefni eftir reitamunstri þannig að fyrir hvern munsturreit eru t.d. þrædd fjögur samhliða spor fram og aftur yfir fjóra þræði, ávallt er einn þræður grunnefnis hafður milli sporaraða og einn þræður milli spora í hverjum reit (Íslensk orðabók, 2002).



Mynd 3 Skýringarmynd af glitsaumi


(Elsa E. Guðjónsson, 2003:24).

Mynd 4 Textílverk útsaumuð með glitsaum

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:24).

3,2,3 Skakkaglit

Skakkaglit er talin vera eldri gerð af glitsaumnum og nefnd í heimildum er ná lengra aftur en þegar talað er um glitsauminn og var einnig verið notuð í rúmtjöld, heimildir eru einnig fyrir því að útsaumsgerð þessi hafi verið notuð í altarisklæði (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:22). Skakkaglit er líst þannig í orðabókinni *Íslensk orðabók* að það sé ídreginn útsaumur í einskeft grunnefni unninn eftir reitamunstri þar sem hver munsturreitur táknað spor yfir einn þráð grunnefnisins og munstrið skekkist um einn þráð við hvert spor (Íslensk orðabók, 2002).



Mynd 5 Skýringarmynd af skakkaglit

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:27).





Mynd 6 Textíilverk útsaumað með skakkaglit

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:27).

3,2,4 Gamli krosssaumurinn

Gamli krosssaumurinn sem hefur stundum verið nefndur fléttusaumur er einnig einkennandi fyrir útsaum á seinni hluta 17. aldarinnar var hann þá helst notaður í rúmabreiður en einnig sem aðal og aukspor í klæðnað af ýmsu tagi (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:28). Gamla krosssauminum er þannig líst í orðabókinni *Íslensk orðabók* sem saumgerð þar sem sporin eru jafnhá venjulegum krosssporum en til skiptis jafn breið eða helmingi breiðari, og lokið er við sporaröð í einni yfirferð (Íslensk orðabók, 2002).



Mynd 7 Skýringarmynd af gamla krossaumnum


Mynd 8 Textíilverk útsaumað með gamla krossaumnum

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:32).

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:32).

3,2,5 Augnsaumur

Útsaumsgerðin augnsaumur var ekki eins mikið notuð og krossaumur, heimildir eru til fyrir því frá 17.öldi að augnsaumur hafi verið notaður með í smámunstur og leturbekki á ábreiðum sem annars voru unnar að öllu leyti úr gamla krossaumnum (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:28). Augnsaumur er útsaumur með ferhyrndum augum og þannig lýst í orðabókinni *Íslensk orðabók* sem útsaumur sem unninn er eftir reitamunstri með sextán nálsporum í hverju auga. Útsaumurinn er tígullaga og unninn eftir reitamunstri með tólf eða sextán nálsporum í hverju auga (Íslensk orðabók, 2002).



Mynd 9 Skýringarmynd af augnsaumi Mynd 10 Textíilverk útsaumað með augnsaumi

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:35).

(Elsa E. Guðjónsson, 2003:35).

3,2,6 Blómstursaumur

Blómstursaumurinn fór að tíðkast hér á landi á 17.öld var hann notaður í nytjahluti, fatnað og annað er tengdist kirkjunni. Á 18.öld var tíska að sauma blómsturbekki neðan í pils, svuntur og samfellur er konur notuðu til hátíðarbygða. Um miðja 19.öld voru blómstursaumaðar sessur mjög vinsælar (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:43-45). Blómstursaumur er frjálts útsaumur með blómamunstri og er líst þannig í orðabókinni *Íslensk orðabók* sem útsaumsspor sem saumað er frá sér eins og varpleggur nema hvað lengra nálsporið er klofið af þræðinum úr því styttra og áferðin líkist fíngerðri steypilykkju (Íslensk orðabók, 2002).



Mynd 11



Mynd 12



Mynd 13

Mynd 11 Skýringarmynd af blómstursaumi (Elsa E. Guðjónsson, 2003:46).

Mynd 12 Skýringarmynd af blómstursaumi (Elsa E. Guðjónsson, 2003:46)

Mynd 13 Textílverk útsaumað með blómstursaumi (Elsa E. Guðjónsson, 2003:46)

3,3 Breytingar á útsaumsgerðum

Á síðustu hundrað árum hefur íslensk útsaumsgerð breyst og farið að gæta erlendra áhrifa og þá helst danskra (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:8). Má það rekja til að frumkvöðlar hér á landi um kvenlega menntun og þar á meðal hannyrðir á seinni hluta 19. aldar og fram á miðja 20.öld voru danskar, eða danskmenntaðar konur. Hefur því handavinnukennsla í landinu verið lituð af dönskum áhrifum (Fríður Ólafsdóttir, 1994:256). Halldóra Bjarnadóttir skrifaði í grein tímaritið *Hlín* árið 1928 þar sem hún

hafði áhyggjur af því að hér á landi væri farið að gæta of mikilla erlendra áhrifa í kennslu. Taldi hún að það mætti rekja til að þeir sem kenndu handavinnu hér á landi lærðu flestir á erlendri grundu og þar með hafi hinar íslensku aðferðir orðið undir (Halldóra Bjarnadóttir, 1928).

3,4 Helstu útsaumsgerðir sem kenndar eru í grunnskólum í dag

Ætla má að útsaumur hafi ávalt verið kenndur í handavinnukennslu hér á landi þar sem hann er órjúfanlegur hluti af menningararfleið okkar. Guðrún Sigurðardóttir handavinnukennari skrifaði grein í Hugur og hönd, þar segir hún frá því að útsaumur hafi verið kenndur í barnaskólum í Reykjavík allt frá árinu 1914 (Guðrún Sigurðadóttir, 1983).

Fyrst er talað er um útsaum í námskrám fyrir grunnskólana árið 1948 í drögum að námskrám, þar er ekki talað um hvaða útsaumsgerðir skuli kenndar (Fræðslumálastjórnin, 1948). Aðalnámskráin frá árinu 1977 er sú eina af útgefnum námskrám þar sem talað er ítarlega um þær útsaumsgerðir er kenna skuli, þó talað sé um að kenna skuli útsaum eða mikilvægi hans í öllum útgefnum námsskrám frá 1948. Þær helstu útsaumsgerðir er nefndar eru í námsskránni frá árinu 1977 eru krossaumur, þræðispor, frjáls spor, afturstingur, leggsaumur, lykkjuspor, tunguspor og krókspor (Menntamálaráðuneytið, 1977). Enn í dag eru þetta almennt helstu útsaumsporin sem kennd eru.

Frjáls útsaumsspor er útsaumur sem þó nokkuð er notaður í grunnskólanum í dag þar sem nemandanum gefst tækifæri til að hugsa út fyrir hið hefðbundna við gerð verksins þar sem nálin og þráðurinn eru notuð til að teikna verkin með. Ræðst það þó af textílmenntkennaranum sjálfum hvaða útsaumsgerðir eru kenndar þar sem ekki er talað sérstaklega um hvaða útsaumsgerðir skuli kenndar í gildandi námsskrá (Aðalnámsskrá, 2007).

4 Útsaumur sem skreyti

4,1 Útsaumur í fatnað og nytjahluti

Útsaumur hefur verið notaður sem skreyti hér á landi öldum saman, elstu varðveittu verk eru frá seinnihluta 14.aldar og er þar aðallega um að ræða kirkjugripi, þó geta heimildir einnig til um að saumað hafi verið út í veraldlega hluti eins og húsbúnað og búningshluta. Frá byrjun 17.aldar eru til áræðalegar heimildir um að útsaumur hafi verið notaður í nytjahluti eins og rúmábreiður, rúmtjöld eða rekkjurefla og söðuláklæði. Til er varðveittur fatnaður frá þeim tíma, má þar nefna búningshluta svo sem samfellur, treyju- og upphlutsborðar, kragar og handalínur. Einnig hafa varðveist vettlingar og barnahúfur. (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:8).

Prjónaskapur hófst á 16.öldinni og var þá farið að prjóna hér á landi, tíðkaðist það að nota útsaum sem skreyti í vettlinga, til eru varðveittir vettlingar á Þjóðminjasafninu frá 19.öld prjónaðir úr ullarbandi og saumað út í þá með gamla krosssaumnum. Útsaumaðar húfur bárust hingað til lands frá Danmörku þar sem þær voru vinsælar á 15.öldinni, komust þær svo í tísku hér á landi og voru notaðar hér út 18.öldina, voru þær gjarnan bornar af konum er voru að fara að gifta sig, einnig voru þannig húfur saumaðar handa börnum (Daniel Bruun, 1987: 427-428).

Mikið var lagt upp úr því á 18.öld og fram á 19.öldina að reiðfatnaður kvenna væri sem glæsilegastur, sérstakt söðuláklæði sem yfirleitt var glitofið eða saumað út í það með glitsaumi og lagt yfir söðulinn sem kvenfólk sat í. Band var svo hnýtt um neðanvert pilsíð til að ekki blési upp um konuna í stormi, voru bönd þessi hin glæsilegustu og gjarnan skreytt með útsaumi (Daniel Bruun, 1987: 431-432).

Axlabönd, belti og hnífahulstur voru skreytt með útsaumi. Eru dæmi um að heitkonurnar hafi gefið útsaumuð belti, axlabönd og hnífahulstur á 19. öldinni sem tryggðarpantar. Var það hefð sem myndast hafði að hjónaefnin gæfu hvort öðru gjöf við trúlofun og voru það gjarnan hlutir er þau höfðu sjálf gert (Árni Björnsson, 1996: 211; Inga Arnar, 2012:14,30).

Hægt er að sjá merki um að útsaumur er enn í dag notaður í hina ýmsu nytjahluti eins og púða, dúka, handklæði, sængurver og fleira. Hefur það aukist til

muna að textílhönnuðir hafi nýtt sér útsauminn í fatnað og aðra hluti og þannig haldið handverkinu á lofti.

4,2 Íslenski kvenbúningurinn

Breytingar á klæðnaði kvenna á endurreisnartímabilinu 1490 til 1625 höfðu mikil áhrif á fatnað kvenna í Evrópu, fatnaðurinn varð mun skrautlegri og var fatnaður kvenna á Íslandi þar engin undantekning. Búningar kvenna í lok 16.aldar var þröngur upphlutur og pils úr glæsilegum ofnum efnum, útsaumur og skart var notað sem skreyti. Um hálsinn báru þær kringlótta og breiða léreftskraga sem ýmist voru úr kniplingum eða pípukragar, var svo borin dökk einlit hempa utan yfir. Höfuðbúnaðurinn var hár og mjór faldur er sveigðist fram að ofan. Voru það helst heldri konur landsins er klæddust svo skrautlegum og skreyttum fatnaði. Búningurinn fékk svo smásaman á sig íslensk einkenni og hefur þróast út frá þeim efniviði og tækni er var nærtæk á hverjum og einum tíma í hinn íslenska kvenbúning sem talað er um sem faldbúning (Daniel Bruun, 1987:418- 419).

Faldbúningurinn tíðkaðist frá miðri 18.öld og fram á miðja 19.öldina hélst hann nánast óbreyttur þann tíma. Efri parturinn skiptist í tvær flíkur bolinn eða upphlutinn og treyju er klæðst var í utan yfir, treyjan var stutt svo það sást í upphlutinn. Klæðst var skyrta undir upphlutnum og við búninginn var samfella eða pils. Fylgdi búningnum kragi oftast úr útsaumdu flaeli og svunta er var skreytt með útsaumdu blómamynstri. Höfuðbúnaðurinn var faldur er sveigðist mjög fram og kallaðist skupla eða spaðafaldur (Daniel Bruun, 1987:422-423).

Faldbúningi Rannveigar Jóhannesdóttur frá lokum 18.aldar og varðveittur er á safni Viktoríu og Alberts í London. Er búningnum líst þannig af barnabarni hennar í óprentaðri heimild um klæðnað Svaðastaðafólksins í kringum aldamótin 1900 að hann væri úr svörtu klæði treyjan baldýruð með silfurvír á börmunum á svarta flauelsborða. Bakhliðtrejunnar var skreytt með þrem flauelsborðum. Laus kragi fylgdi búningnum sem baldýraður var eftir sama munstri og treyjan. Herðafesti (upphluturinn) er sett var saman úr stórum fóðruðum silfurmillum úr víravirki var borin við búninginn. Samfella eða Pilsid var með stórum blómstursaumuðum bekk, neðst var breið svört

flauelslegging sem hafði laufaskurðamunstur, belti var baldýrað í sama stíl. Notaði hún gamla faldinn við búninginn og vafði silkiklút með skýjabekk um höfuð sér (Inga Arnar, 2012:19).

Skautbúningurinn var fyrst borin árið 1859 og er mesti viðhafnarbúningur íslenskra kvenna og notaður enn í dag sem viðhafnarbúningur. Nafnið dregur hann af höfuðbúnaðinum sem er borin við hann „skautinu“. Upphaf hans má rekja til þess að Sigurður Guðmundsson (1833-1874) málari taldi að nauðsynlegt væri hverri þjóð að eiga sinn þjóðbúning, gagnrýndi hann búningamál kvenna og taldi að fatnaður íslenskra kvenna væri farin að gæta of mikilla erlendra áhrifa. Kom hann með breytingartillögur á eldri hátíðarbúningi kvenna faldbúningnum. Teiknaði hann snið og munstur og lagði fram ítarlegar lýsingar á því hvernig búningurinn skildi vera. Vildi hann endurvekja verkþekkingu á hannyrðum og handverki. Nýtti hann að einhverju leyti fyrirmyndir af textílvörkum fyrri tíma bæði hvað varðaði útsaumssaumgerðir og munstur.

Helstu breytingar hvað varðaði aðalhluta búningsins var að ekki var lengur upphlutur undir treyjunni heldur náði hún niður að mitti. Ekki var skreytt svunta yfir pilsinu eða samfellunni heldur samfellan sjálf skreytt útsaumuðum blómum eða jurtum eftir munstrum þar sem íslensk blóm eða jurtir voru fyrirmyndirnar og lausi kraginn var tekin burt. Tillögur þessar féllu í góðan jarðveg hjá fólki og varð búningurinn fljótt vinsæll. Sigurður gerði einnig tillögur að kyrtli sem hafði skírskotun í fornaldarkyrtlinn en var léttari og liprari (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1988).

Peysufötin draga nafn sitt af aðalflík hans svartri nærskorinni langermapeysu sem upprunalega var þrjúnuð. Peysufatað eða húfubúninginn fóru konur að nota sem hversdagsfatnað á seinni hluta 18.aldar samanstóð hann af þrjúnaðri aðskorni langermapeysu, vaðmálpilsu, svuntu og þrjúnaðri skotthúfu. Fatnaður þessi varð svo að spariklæðnaði kvenna á fyrrihluta 19.aldar. Héldust peysufötin sem spariklæðnaður kvenna allt fram á miðja 20.öldina en hafði tekið einhverjum breytingum í tak við tíðarandann. Eftir 1930 var farið að gera búninginn úr fínna efnum eins silki í stað ullarinnar (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1969:37-38,45).

Búningurinn upphlutur dregur nafn sitt af ermalausa reimaða bolnum sem er hans helsta einkenni, mótaðist hann sem sjálfstæður sparibúningur við komu konungs

til landsins árið 1907 og varð hann vinsæll á fyrrihluta 20. aldarinnar og er algengasti þjóðbúningurinn í dag (Fríður Ólafsdóttir, 1994: 6).

Þjóðbúningar gegna mikilvægu hlutverki í félagslegu og menningarlegu samhengi fyrir þjóðina og er þar á ferð ómetanlegur handverksarfur á ferð sem vert er að halda á lofti.

5 Dýrgripir íslenskrar textílsögu

5, 1 Varðveisla merkra textílverka

Textílverk sem hafa varðveist í gegnum aldirnar hér á landi eru þjóðinni merkur og mikilvægur menningararfur, endurspeglast í þeim ákveðin saga um hefðir og handverk liðinna alda. Elstu verkin eru frá seinnihluta 14.aldar og talin með merkustu textílverkum er varðveist hafa hér á landi, eru það útsaumuð refilklæði sem flest eru altarisklæði og eru að mestu varðveitt á Þjóðminjasafninu (Elsa E. Guðjónsson, 2003:14).

Þjóðminjasafnið hefur að geyma stærsta og fjölbreyttasta safn íslenskra útsaumsverka, einnig er nokkuð af slíkum merkjum verkum varðveitt erlendis flest í Nationalmuseet í Kaupmannahöfn. Einnig er að finna merk Íslensk verk í Nordiska Museet í Stokkhólmi, Viktoria and Albert Museum í London, Royal Schottish Museum í Edinborg, Musée Luvre í París og Rijkismuseum Twenthe í Hollandi (Elsa E. Guðjónsson, 2003:8).

Mikið er að finna af merkjum textílverkum og hlutum tengdum handverkinu við textíl á Þjóðminjasafninu. Tekur safnið á móti skólahópum þar sem fræðslan fyrir hvert aldurstig er tengt við námsefni Aðalnámskrár og tengist þannig námsefni Grunnskólanna (Þjóðminjasafn Íslands, e.d.).

Kvenbúningar þjóðarinnar eru merk textílverk og geyma mikla sögu af handverki má þar nefna merka búninga er varðveist hafa eins og faldbúning frá lokum 18.aldar sem Rannveig Jóhannsdóttir saumaði og bar, sá búningur er varðveittur á safni Viktoríu og Alberts í London (Inga Arnar, 2012: 19). Skautbúningur Sigurlaugar í Ási er varðveittur á Þjóðminjasafni Íslands, búninginn saumaði Sigurlaug sjálf og bar fyrst árið 1860. Skautbúninginn saumaði hún eftir tilögum Sigurðar Guðmundsonar málara sem

hann hafði gert og voru breytingar á eldri hátíðarfaldbúningi kvenna. Aðrar helstu gerðir af kvenbúningum frá mismunandi tímum er einnig að finna á safninu (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1994: 118).

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi hefur að geyma mikið af textílmunum þar á meðal hluti er voru í eigu Halldóru Bjarnadóttur sem var ötull talsmaður hannyrða og handmennta. Aðaláhersla safnsins er að veita innsýn í vinnu kvenna og karla sem fram fór á heimilum landsins á öldum áður hinn svokallaða „heimilisiðnað“ með aðaláherslu á tóvinnu og textílmuni (Elín S. Sigurðardóttir, 2001). Safnafræðsla er einnig fastur liður í starfseminni og geta nemendur á háskólastigi leitað til safnsins við heimildaöflun og vegna rannsókna m.a. á útsaumi og munsturgerð. Á Blönduósi er einnig að finna þekkingarsetur og er markmiðið setursins að vera miðstöð öflugrar rannsóknar- og þróunarstarfs, hafa frumkvæði af rannsóknar- og þjónustuverkefnum á sérsviði setursins sem eru m.a. textíll (Heimilisiðnaðarsafnið, e.d.).

5,2 Merkar íslenskar hannyrðakonur

Þegar gengið er um Sali Þjóðminjasafnsins og textílverkin skoðuð nánar er ekki hægt annað en dáðst að sögunni sem þau segja, listinni sem þau hafa að geyma og hinu merka handverki er liggur að baki þeirra. Ljóst er að Ísland hefur í gegnum aldirnar búið af miklum hannyrðakonum sem hafa fært okkur í gengum kynslóðirnar ómetanlega kunnáttu á handverki sínu sem mikilvægt er að koma áfram til komandi kynslóða.

Fram kemur í íslenskum fornsögum að það hefur þótt sjálfsagt að efnameiri konur lærðu hannyrðir, er talið að í nunnuklastrum hafi verið hannyrðasetur þar sem stunduð var kennsla og mikið unnið af textílverkum. Þegar klaustrin lögðust niður við siðaskiptin færðist hannyrðakennslan yfir á heimili þeirra efnameiri og mikilsvirtu í samfélaginu (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003: 55-57).

Vitað er að mörg stærri og íburðarmeiri útsaumsverk frá seinni öldum tengjast eiginkonum og dætrum biskupa, presta og sýslumanna enda varla aðrar en þær konur þessa tíma er hafa haft tíma né ráð til slíkra verka. Ljóst er þó af varðveittum verkum að konur af öllum stéttum hafa haft þörf fyrir og gefið sér tíma til að stunda hannyrðir og það verið gert af alúð og listfengi (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1976:1-2).

Ragnheiður Jónsdóttir prófastsdóttir af Vestfjörðum (1646-1715) giftist tveim biskupum á Hólum en varð ekkja eftir þá báða, var hún mikilsvirt hannyrðakona og kenndi stúlkum hannyrðir á heimili sínu við góðan orðstír. Eru verk eftir hana varðveitt á Þjóðminjasafninu, eru það útsaumuð verk sem hún gaf Laufáskirkju árið 1694 altarisklæði og altarisdúkur með samstæðu mynstri (Elsa E. Guðjónsdóttir, 1990).

Guðrún Skúladóttir (1740-1816) dóttir Skúla Magnússonar var annáluð fyrir hannyrðir sínar og eftir að hún varð ekkja sá hún fyrir sér að einhverju leiti sér með hannyrðum. Var hún þekkt fyrir blómstursaum sinn og hafði nema í hannyrðum. Vitað er um tvær samfellur er varðveist hafa eftir hana með útsaumuðu blómsturmunstri, önnur var í hennar eigu og er saumurinn einstaklega vandvirkur. Einnig eru varðveitt eftir hana pils og svunta er fylgja brúðarbúningi á safni Viktoríu og Alberts í London (Elsa E. Guðjónsdóttir, 2003:65).

Sigurlaug Gunnarsdóttir Ási í Skagafirði (1822-1905) og maður hennar Ólafur Sigurðsson voru mjög framfarasinuð og settu sér það markmið að nýta sér tækni og þekkingu er gætu flýtt fyrir og létt störf á heimilinu. Sendu þau son sinn til Danmerkur til að læra vefnað og létu þau í kjölfarið smíða vefstól er afkastaði mun meiru og urðu annáluð fyrir vefnað sinn. Sigurlaug varð sú fyrsta til að eignast fótstigna saumavél í Skagafirði eignaðist hún einnig prjónavél þá fyrstu er kom í Skagafjörðinn. Gekkst hún fyrir því að stofnaður yrði kvennaskóli að Ási árið 1877 sá hinn fyrsti í Skagafirði. Var Sigurlaug annáluð fyrir hannyrðir sínar og dugnað, var hún talin best menntaða kona í Skagafirði á sínum tíma. Varðveittur er á Þjóðminjasafni Íslands Skautbúningur sem Sigurlaug saumaði að fyrirmynd Sigurðar málara og bar fyrst árið 1860 (Inga Arnar,2012:61-62).

Magnea Þorkelsdóttir biskupsfrú (1911-2006) var hún mikilsvirk og listfeng hannyrðakona og liggur eftir hana mikið af hannyrðum af ýmsu tagi eins og prjón, hekl, útsaumur í dúka og ekki síst í fatnað. Var hún annáluð fyrir sína miklu leikni við balderingu og vandaðan saumaskap við gerð þjóðbúninga, vann hún fyrir sér áður en hún gifti sig við að baldera og sauma þjóðbúninga á saumastofunni Dyngjunni. Þar vann hún m.a. við gerð þjóðbúninga fyrir Alþingishátíðina árið 1930. Er sem stendur sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins á hluta af búningasafni sem hún saumaði og er í

eigu fjölskyldu hennar (Edda Kjartansdóttir, Halla Kjartansdóttir, Harpa Þorkelsdóttir, 2012).

Guðrún Guðmundsdóttir fædd árið 1930 er ein af mörgum merktum hannyrðakönnum Íslands á 20 öldinni er hefur fært okkur mikið af listilega útsaumuðum verkum. Við útfærslur á verkum sínum fann hún þörfina fyrir að leita til sögunnar eftir hugmyndum og innblástri í verk sín og nýtti hún sér mikið *Flateyjarbók* og *Teiknibókina* við útsaumsverk sín. Var haldin sýning á verkum hennar í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 2010 (Þóra Kristjánsdóttir, 2010:7-8).

6 Samantekt

Textíll er ríkur þáttur í menningu okkar og hefur verið órjúfanlegur hluti af henni öldum saman fyrir því eru áþreifanlegar heimildir, er þar á ferð ómetanlegur menningararfur og þekking á aðferðum við handverk er fylgt hefur þjóðinni öldum saman. Þennan menningararf okkar ber að varðveita og viðhalda og koma áfram til komandi kynslóða.

Athyglivert er að strax á miðöldum var helstu kennismiðum og uppeldisfræðingum orðið ljóst mikilvægi handverks og að það þurfi ákveðið jafnvægi á milli hins andlega og líkamlega, þannig yrði einstaklingurinn betur undirbúinn fyrir lífið. Er það þó ekki fyrr en á 19.öldinni að almennt var farið að kenna handverk í almenningskólum. Var það iðnbyltingin er kallaði á breytta samfélagsgerð og þar með fer handverkið að vera talið mikilvægt að koma skildi handverkskunnáttunni til almúgans. Á Íslandi varð handavinnukennsla þó ekki að skyldugrein fyrr en árið 1936. Má því segja að það sem kennt er í grunnskólum sé það sem talið er mikilvægt á hverjum og einum tíma. Eru námskráfræðingar sammála um að námskrá sé menningarlegt tæki til að velja það mikilvæga úr menningararfinum og koma beri til næstu kynslóðar. Er því mikilvægt að handverki og textílsögu okkar sé ávalt haldið hátt á lofti í samfélaginu og aðlagð á sem bestan hátt að nútímanum svo það teljist með því „mikilvæga“ og fái þann réttmæta sess í námskrám grunnskólana sem því ber. Eins og heimspekingurinn og menntafrömuðurinn John Dewey hélt svo réttilega fram, að það væri nauðsynlegt fyrir nemandann að skilja og þekkja fortíð sína til að geta nýtt sér hana í framtíð sinni. Er því mjög mikilvægt að kennsla í textílmennt fari fram í sögulegu og félagslegu samhengi til að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á því menningarlega samhengi sem handverkið er sprottið úr.

Heimildir

- Arngunnur Sigurpórsdóttir. (2011). *Textílmennit kennd í lotukerfi*. Óbirt mastersritgerð: Háskóli Íslands, Kennaradeild.
- Árni Björnsson. (1996). *Merkisdagar á mannsævinni*. Reykjavík: Mál og menning.
- Björn TH. Björnsson. (1954). *Íslenska Teiknibókin í Árnasafni*. Reykjavík: Heimskringla.
- Bruun, D. (1987). *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár II*. (Steindór Steindórsson þýddi). Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson. (2009). Design and craft education in Iceland, Pedagogical background and development: A literature review. *Design and Technology Education*, 14(2), 10-24.
- Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson. (2011). Hönnun og smíði. Hugmyndafræðilegur bakgrunnur og þróun námsgreinar. *Uppeldi og menntun*, 20(1), 51-74.
- Dewey, J. (2000/1938). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (upphaflega kom ritið út 1938).
- Edda Kjartansdóttir, Halla Kjartansdóttir og Harpa Þorkelsdóttir. (2012). *Magnea Þorkellsdóttir*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Elín S. Sigurðardóttir. (2004). Heimilisiðnaðarsafnið: nýtt safn á gömlum grunni. *Hugur og hönd*, 24-28.
- Elsa E. Guðjónsdóttir (1969). *Íslenskir þjóðbúningar kvenna. Frá 16.öld til vorra daga*. Reykjavík: Bókaútgáfa menningarsjóðs.
- Elsa E. Guðjónsdóttir. (1976). *Fáein orð um íslenskan útsaum*. Reykjavík.
- Elsa E. Guðjónsson. (1988). Til gagns og fegurðar. Sitthvað um störf Sigurðar málara Guðmundssonar að búningamálum. *Hugur og hönd*, 26-31.
- Elsa E. Guðjónsson. (1990). Íslensk hannyrðakona á 17.öld. *Hugur og hönd*, 29-34.
- Elsa E. Guðjónsson. (2003). *Íslenskur útsaumur*. Kópavogur: Elsa E. Guðjónsson.
- Fríður Ólafsdóttir (1994). *Íslenskur Búningur upphlutur á 20. Öld*. Reykjavík: Óðinn.

- Fríður Ólafsdóttir. (1994). Skyldustykki í Árni Björnsson (ritstjóri) *Gersemar og þarfaping. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Þjóðminjasafn Íslands.
- Fræðslumálastjórnin. (1948). *Drög að námsskrám fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun* (2.útgáfa upphaflega kom ritið út 1903). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðrún Geirsdóttir. (1998). Gróska í námskrárumræðu. *Ný menntamál*, 16(1), 6-9.
- Guðrún Guðmundsdóttir. (2010). *Ævispor. Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttir*. Reykjavík:Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðrún Sigurðardóttir. (1983). Handavinnukennsla í barnaskóla reykjavíkur, miðbæjarskólanum. *Hugur og hönd*, 40-41.
- Gunnar M. Magnússon. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi, hátíðarit S. Í. B.* Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1912). Handavinnukennsla í skólum. *Skólablaðið*, 6(1), 6-10.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1919). Handavinnukennsla í barnaskólum. *Hlín*, 10, 29-33.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1926). Handavinnan í barnaskólum. *Hlín*,10, 86-88.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1928). Framtíðarhorfur. *Hlín*, 12, 52-58.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1929). Barnafræðsla í handavinnu. *Hlín*, 13, 60-62.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1929). Námsskrá í handavinnu og skólasýning. *Hlín*, 15, 58-60. *handmennt*. Reykjavík : Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknadeild.
- Heimilisiðnaðarfélag Íslands. (e.d.) *Sjónabók*. Sótt 12.mars 2010 af http://heimilisidnadur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=12&Itemid=11
- Heimilisiðnaðarsafnið. (e.d.). *Rannsóknir og fræðsla*. Sótt 12.mars 2012 af <http://textile.is/rannsoknir-og-fraedsla/>

- Inga Arnar (2012). *Lífsins blómasystur. Hannyrðakonur af svaðastaðaætt*. Akureyri: Byggðasafn Skagfirðinga.
- Íslensk orðabók*. (2002). Mörður Árnason (ritstjóri). Reykjavík: Edda.
- Jón Þórarinnsson. (1891). Um kennslu í skólaiðnaði. *Tímarit um uppeldis- og menntamál*, 4(1), 3-20.
- Kristín Schmidhauser Jónsdóttir. (1994). Skorin trémót í Árne Björnsson (ritstjóri) *Gersemar og þarfaping. Úr 130 ára sögu Þjóðminjasafns Íslands*. Reykjavík: Hið íslenskabókmenntafélag og Þjóðminjasafn Íslands.
- Lög um fræðslu barna. (nr.94/1936).
- Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*. (1960). Reykjavík : Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámsskrá grunnskóla, Mynd- og handmennt*. (1977). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, skólarannsóknardeild.
- Aðalnámsskrá grunnskóla*. (1989). Reykjavík : Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámsskrá grunnskóla, listgreinar*. (1999). Menntamálaráðuneytið. Sótt 8.02.2012 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/>
- Aðalnámsskrá grunnskóla, listgreinar*. (2007) Menntamálaráðuneytið. Sótt 8.02.2012 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/>
- Ólafur Rastrick. (2008). Nýjar skildugreinar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri) *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007. Fyrri bindi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rousseau, J. J. (1974). *Émile*. (Foxley.B.þýddi). New York:Dutton.
- Þjóðminjasafn Íslands. (e.d.) *Munasafn*. Sótt 1.mars 2012 af <http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsoknir/munasafn/>
- Þjóðminjasafn Íslands. (e.d.) *Skólahópar*. Sótt 1.mars 2012 af <http://www.thjodminjasafn.is/fraedsla/skolahopar/>

Heimildir fyrir myndum

Myndir 1 til 13 fengnar úr bókinn *Íslenskur útsaumur*.

Elsa E. Guðjónsson. (2003). *Íslenskur útsaumur*. Kópavogur: Elsa E. Guðjónsson.